



MEISTARAFÉLAG HÚSASMÍÐA

SKIPHOLTI 70 • 105 REYKJAVÍK • SÍMAR 553 1277 OG 553 6977
FAX 568 4960 • KENNITALA 460269-5559

3638

Byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu
Hilmar Einarsson
Torfholti
840 Laugarvatn

Reykjavík 17. maí 2005

Efni: Viðbót við Golfskála

Þegar ráðist var í það verkefni að fullklára golfvöllinn að Kiðjabergi, gera hann 18 holu völl, var ljóst að það átak hefði í för með sér miklar breytingar. Um mikla fjölgun golfáhugamanna yrði að ræða og ljóst að Golfskálinn okkar annað því engan veginn. Þó svo að stefna Golfklúbbsins sé að byggt verði nýtt klúbbhús er það ekki á dagskrá fyrr en eftir 2 – 3 ár og til að brúa bilið þangað til var tekin ákvörðun um að setja upp til bráðabyrgða tjald við suðurhlíð golfskálans.


Þegar farið var að setja upp tjaldið, sem reyndar var alveg nýlega gert, sáu menn að hægt væri að hressa aðeins upp á rýmið með því að hafa gott timburgólf og setja upp bráðabyrgðarveggi. Settir voru gluggar og hurð á suðurhlíð, austur og vesturgaflar eru heilar krossviðsplötur og síðan tjaldað yfir.

Gólfplötur þessa óupphitáða bráðabyrgðarhúsnæðis er 4,0m x 13,5m samtals 54 m².

Þar sem þessi framkvæmd var unnin (eins og sagt er) eftir auganu, var ekki fyrirfram sótt um leifi til byggingaryfirvalda, en nú þegar mannvirkið er risið sækji ég hér með um leifi.

Virðingarfyllst

f.h. Meistarafélags húsasmiða


Baldur Þór Baldvinsson form.